

Matsþættir veturinn 2018-2019

Ragnildur Skúladóttir, Helga Linnet

15.5.2019

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 2 |
| Matsþættir á starfi í Heilsuleikskólanum Holtakoti..... | 2 |
| Matsteymi og þátttaka í innra mati..... | 3 |
| Val á matsþáttum | 3 |
| Tenging við menntastefnu Garðabæjar | 3 |
| 1. Sundkennsla | 4 |
| Markmið | 4 |
| Gæðaviðmið | 4 |
| Matsgögn..... | 4 |
| úrvinnsla | 4 |
| Tenging við menntastefnu Garðabæjar | 4 |
| Tenging við skólanámskrá leikskólans..... | 5 |
| 2. Fyrsti hluti 13. Grein Barnasáttmála sameinuðupjóðanna..... | 6 |
| Markmið | 6 |
| Gæðaviðmið | 6 |
| Matsgögn..... | 6 |
| úrvinnsla | 7 |
| Tenging við menntastefnu Garðabæjar | 7 |
| Tenging við skólanámskrá leikskólans..... | 7 |
| 3. Líðan starfsfólks..... | 9 |
| Mannauðsstefna Garðabæjar..... | 9 |
| Tenging við skólanámskrá leikskólans..... | 9 |
| Markmið | 10 |
| Gæðaviðmið | 10 |
| Matsgögn..... | 10 |
| úrvinnsla | 10 |
| Hugmyndafræði og gildi á vali matsþátta | 10 |
| 4. Niðurstöður | 12 |
| Sundkennsla | 12 |
| 1 hluti 13. grein í Barnasáttmála sameinuðupjóðanna | 12 |
| Líðan starfsfólks á vinnustaðnum, gönguverkefni..... | 13 |
| Heimildir | 14 |

Inngangur

Með innra mati er okkur gert kleift að byggja upp ákvarðanir sem snúa að starfi leikskólans meðviðtað og formlega og skoða hvaða þættir eru þar sem leikskólinn stendur sig vel í og hvað má betur fara með hagsmuni barna að leiðarljósi.

Með því að setja innra mat af stað og fá rýnihópa innan leikskólans í lið er hægt að byggja upp reglulegt mat og taka ákvarðanir út frá því mati sem hefur verið tekið fyrir hverju sinni. Það auðveldar kennurum að rýna í spurningarnar „*hvað þarf ég að gera öðruvísi og hvert er næsta skref?*“

Starfsfólk getur ekki alltaf útskýrt svo auðveldlega hvað það er að gera hverju sinni og hvers vegna og vita að þeir gætu jafnvel gert betur og hafa faglega þörf fyrir að gera sífellt betur.

Með innra mati er þetta sjálfsmat gert meðvitað og formlegt, meðal annars með markvissum samræðum, skráningu og greiningu. Innra mat, sem grundvallast á samræðu og samvinnu fagmanna er valdeflandi fyrir þá sem taka þátt.

Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá og er sá grundvöllur sem er byggður á. Innra mat er viðvarandi verkefni og lýkur ekki þó svo að uppgjör með niðurstöðum og umbótaáætlun verði til árlega.

Matsþættir á starfi í Heilsuleikskólanum Holtakoti

Þegar farið var af stað með innra mat þurfti að skoða nokkra þætti en þeir eru:

1. Skipulag matsins og ígrundum á hverju skal byrja
2. Gagnaöflun sett upp sjónrænt
3. Greining gagna, hvað gerði það fyrir skólann
4. Niðurstöður teknar saman og kannað hver er ávinningurinn
5. Umbótaáætlun gerð og framkvæmd, umbótum fylgt eftir og þær metnar.

Matskerfi leikskólans tengist við aðalnámskrá skólans með langtímaáætlun svo það sé ljóst hvaða þættir eru metnir svo hægt verði að bera saman árangur. Gerð verður tímaáætlun þar sem ábyrgðaraðilar hafa sinn hluta hver til ábyrgðar.

Matsteymi og þátttaka í innra mati

Innra mat er samvinnuverkefni allra starfsmanna og hafa allir starfsmenn möguleika á að leggja sitt af mörkum og koma með hugmyndir. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati en teymið sér um skipulagningu matsins og ber ábyrgð á framkvæmd matsins. Matsteymið var valið af leikskólastjóra. Einn fulltrúi af hverri deild var valinn í rýnihópinn.

Val á matsþáttum

Rýnihópurinn settist niður í sameiningu og ígrundaði hvað það var einna helst sem þyrfti að skoða betur og hvers vegna. Á nógu er að taka en fyrir valinu urðu þó þrjú atriði sem hópurinn vildi fá að skoða betur og rannsaka.

Þessi atriði eru:

1. Sundkennsla elstu barna í leikskóla (skólahópur)
2. 1 hluti 13. grein í Barnasáttmála sameinuðupjóðanna (tjáningarfrelsi)
3. Líðan starfsfólks á vinnustaðnum, gönguverkefni

Þessi atriði viljum við kanna betur veturinn 2018-2019.

Tenging við menntastefnu Garðabæjar

Áherslan er á nemandann sjálfan og velferð hans í samvinnu við heimilin. Stuðlað er að þroska allra nemenda og starfshættir mótaðir af umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti, lýðræðislegt samstarf, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Samskiptahæfni er eitt mikilvægasta veganestið sem hægt er að færa börnum í nútímasamfélagi og má greina sífellt meiri þörf á að auka skilning á margbreytileika og skilja hann og virða.

1. Sundkennsla

Viðfangsefnið sem sundkennslan fellur undir er Heilsustefna kafli 2.1.5 heilbrigði og velferð.

Elsti árgangur leikskólans fer vikulega í sund með kennurum. Einn starfmaður leikskólans hefur lokið við réttindi að hafa börn í sundi og snýst kennslan fyrst og fremst í þeirri þjálfun að fara í fataklefan og taka ábyrgð á sínum eigum og fylgja hópnum. Enn fremur eru þau í verkefnum í sundlauginni sem eru miðuð út frá verkefninu Leikur að læra.

Verkefni vetrarins er því að sjá þær breytingar sem verða á börnunum varðandi sjálfstæði í fataklefa og færni í sundi með tillit til árangri að fyrsta stigi sundkennslu í grunnskóla.

Ekki er ætlast til að börnin séu búin með það stig en okkar markmið er að sýna og sanna að slíkar þjálfanir hafi jákvæð áhrif á börnin og verði þeirra styrkur þegar komið er í hinn stóra heim sem grunnskólinn er.

Markmið

Börnin geti verið sjálfstæð í fataklefa og klætt sig í og úr án aðstoðar frá fullorðnum. Þeim líði vel og eru örugg, heilbrigð og glöð

Gæðaviðmið

- ✓ Verið sjálfbjarga í fataklefanum
- ✓ Klætt sig sjálf úr og í fötin án aðstoðar frá fullorðnum
- ✓ Muni eftir að taka öll fötin sín með í tösku

Matsgögn

Sæunn Eiríksdóttir er ábyrgðaraðili verkefnisins og þegar börnin fara í grunnskólann þá verður viðtal tekið við þá kennara sem sinna sundkennslu skólans og þeir spurðir út í muninn á þeim börnum sem fengu sundkennslu á móti þeim sem koma hafa ekki fengið kennslu í leikskóla.

úrvinnsla

Niðurstöður verða birtar í ársskýrslu.

Tenging við menntastefnu Garðabæjar

skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa. Börnum er gefinn nægur samfelldur tími svo þau hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka sem og styðja við sjálfsprottnar athafnir

og áhuga. Þau eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik þar sem þau eru studd og eflað í jákvæðum samskiptum.

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Í kafla 3.3 segir að hreyfing er öllum nauðsynleg og þá sérstaklega börnum því þar er grunnurinn lagður að heilbrigðu líferni sem leikskólinn leggur mikla áherslu á. Gamall málsháttur segir: „Lengi býr að fyrstu gerð“, þetta gildir svo sannarlega um allan þroska frá vöggju til grafar. Þess vegna er mikilvægt að efla og vinna markvisst að hreyfipjálfun barna strax frá unga aldri. Börnin læra í gegnum leik og því er lögð mikil áhersla á að hafa alla hreyfikennslu í leikjaformi. Með úrvali af góðum og vel skipulögðum hreyfistundum og gönguferðum í okkar nærumhverfi stuðlum við að heilbrigðum lífsstíl barnsins til framtíðar. Markmið hvernar hreyfistundar er að efla alhliða þroska barnsins og líkamsvitund, sem leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði, sem eflir vináttubönd.

Einnig segir í kafla 9. Tengsl skólastiga að lögð er áhersla á gott skipulag með skýrum markmiðum í tengslum leik- og grunnskóla. Litið er á lok leikskólagöngu og upphaf grunnskólagöngu sem breytingartímabil fyrir alla fjölskylduna. Því er mikilvægt að tengsl myndist yfir langan tíma. Tengsl skólastiga þurfa að vera sveigjanleg og byggja á þörfum og áhuga barna, foreldra og starfsmanna skólanna og eru allir hafðir með.

2. Fyrsti hluti 13. Grein Barnasáttmála sameinuðuþjóðanna

Viðfangsefnið fellur undir Námsskrá leikskóla 2.1.3 Lýðræði og mannréttindi

Í þessari grein er sagt:

Tjáningafrelsi

Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

2. Láta má rétt þennan sæta vissum takmörkunum, en þó aðeins að því marki sem mælt er fyrir í lögum og er nauðsynlegt

a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra, eða

b) til að gæta öryggis þjóðarinnar eða allsherjarreglu (ordre public), eða heilbrigðis almennings eða siðgæðis.

Við viljum því vera vakandi yfir þeirri rödd sem sem þau vilja bera og vera vakandi yfir því hvort þau hafi það frelsi til að segja sína skoðanir og hafa það val til að tjá sig og koma sínum hugmyndum fram og taka sínar ákvarðanir svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á barnið eða aðra eða stangist á við lög.

Markmið

Börnin hafa sterka sjálfsmynd og félagsfærni og eru virkir þátttakendur og hafa tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Árgangur 2013 læri að skammta sér hæfilegt magn af mat og matarsóun minnki um 50% á tímabilinu janúar-maí 2019

Gæðaviðmið

- ✓ Í leikskólanum er unnið að því að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra og samskiptahæfni.
- ✓ Jafnrétti er lykilþáttur í öllu starfi þannig að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi gagnkvæmrar virðingar án mismununar.
- ✓ Leitað er eftir sjónarmiðum barna þegar teknar eru ákveðnar um starfið
- ✓ Börnin hafa daglega val um fjölbreytt og ögrandi viðfangsefni og taka þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk

Matsgögn

Deildarstjórar eldri deilda eru ábyrgðaraðilar verkefnisins. Sett verða blöð inn á deildar sem gefa upplýsingar um hversu miklu magni af mat er hent af 2013 börnum. Vonast er til að eftir því sem líður að matarsóunin verði minni og þau átti sig á frelsinu sem felst í því að velja sér sjálfur á disk og setja sjálf það magn sem þau telji að þau geti borðað.

úrvinnsla

Niðurstöður verða birtar í ársskýrslu.

Tenging við menntastefnu Garðabæjar

Í 6 kafla aðalnámskrá leikskóla (2012), Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi er getið að í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starf. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð. Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverf og starfshætti leikskólans. Í samstarf við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum.

Í daglegu starf leikskóla skal leggja áherslu á umhyggju, tillitssemi og samhjálp meðal allra í leikskólanum. Jafnframt skal nýta tækifæri sem gefast til að fjalla um samkennd og samlíðan gagnvart öðru fólki. Lögð skal áhersla á að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings og veita börnum stuðning í daglegum samskiptum.

leikskóla ber að vera vettvangur þar sem allir:

- taka virkan þátt í samræðum um almenn málefni,
- hlusta hver á annan og skiptast á skoðunum,
- bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum,
- vinna saman og aðstoða hver annan,
- hafa val um verkefni og vinnubrögð,
- hafa áhrif á leikskólastarfið,
- taka þátt í heimspekilegum umræðum,
- vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni

(Aðalnámskrá leikskóla, 2012)

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Í kafla 4.3 jafnrétti er Markmiðið er að allir njóti sömu réttinda óháð kyni, fötlun, þjóðerni, tungumáli, félagsstöðu eða trúarbrögðum þannig að allir fái tækifæri til að

þroskast og læra á eigin forsendum og engum sé mismunað á grundvelli ofangreindra þátta. Lögð er áhersla á leikskóla án aðgreiningar í öllu starfi sem tengist skólanum.

3. Líðan starfsfólks

Tengingin við aðalnámskrá er 1.3 fagmennska kennara.

Fagmennska kennara byggist á geta leiðbeint börnum en til þess þarf starfsmaður að vera í góðu jafnvægi og líða vel sjálfum.

Nýtt þróunarverkefni er vellíðan starfsfólks sem byggist á því að hver starfsmaður fær að fara tvisvar í viku í ca 30 mínútur í senn út að ganga þar sem honum er frjálst að fara einn eða óskar eftir að fara með félagi. Þetta verkefni byggist á þeirri hugmynd að hver og einn fær að anda aðeins aukalega fyrir utan kaffitímamann sinn og bæta heilsuna með göngu og að vera í náttúrunni.

Í þessu þróunarverkefni fékkst fjármagn til að festa kaup á góðum gönguskóm fyrir alla starfsmenn svo þetta verkefni geti átt sér stað og ýta undir að hver og einn fari tvisvar í viku til þess að slaka á og endurnæra sálina. Starfsmaður finnur að hann geti dregið sig í hlé og einnig að auka hreyfingu inn í hversdagsleikann án þess að finna fyrir pressu og látið sér líða vel.

Einnig er mætingarhvatning í gangi um leið sem byggist á því að fyrir hvern mánuð sem starfsmaður er án fjarveru fær hann ½ dag aukalega við sitt sumarfrí og hægt er að safna sér inn allt að 4 dögum samtals. Þessi hvatning var einnig á síðasta ári.

Mannauðsstefna Garðabæjar

Garðabær vill stuðla að góðum starfsháttum og að starfsmenn fái tækifæri til að vaxa í starfi. Svo að það megi verða þá þarf sveitarfélagið að stuðla að góðum starfsskilyrðum þar sem starfsmenn fá tækifæri til að dafna í starfi á grundvelli jafnréttis. Garðabær hvetur starfsmenn til heilsuræktar meðal annars með þátttöku í heilsuefningu (Mannauðsstefna Garðabæjar, e.d).

Tenging við skólanámskrá leikskólans

Ekki er enn hægt að tengja mannauðsstefnuna í skólanámskrá leikskólans og vert er að skoða það og bæta þeirri stefnu inn.

Í kafla 7.1 þáttaka foreldra, barna og starfsfólks. Starfsmannaviðtöl fara fram í fyrstu mánuðum nýs árs sem leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri taka viðtöl.

Niðurstöður úr viðtölum eru svo notaðar til að bæta og þróa starfið.

Starfsmannastefna leikskólans er uppbyggingastefnan þar sem kennarar skólans tileinka sér vinnubrögð sem samræmast í þeim anda sem Uppbyggingastefnan boðar.

Markmið

Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og fjarvera/veikindi verði minni yfir árið

Gæðaviðmið

- ✓ Aukin útvera fyrir hvern og einn og regluleg hreyfing sem styður heilsueflandi samfélag
- ✓ Auka hvíld frá amstri hlaði til að hlaða batteríin hjá starfsmanni er hverjum nauðsynlegt þegar mikið áreiti er í daglegu starfi
- ✓ Vinnuumhverfið á að vera hvatning hvers og eins að mæta í vinnu og líða vel

Matsgögn

Skoðað verður út frá mætingar hvatningunni á milli ára hvort einhver aukning hafi átt sér stað. Einnig verður sett upp göngulisti þar sem fólk skráir göngu og það verður tekið saman.

Úrvinnsla

Niðurstöður verða birtar í ársskýrslu.

Hugmyndafræði og gildi á vali matsþátta

Í Holtakoti er lögð áhersla á skapandi starf, leik barnanna og hreyfingu allt skólaárið.

Þar sem samfélagið okkar breytist hratt, er sífelld mikilvægara að hreyfipjálfun barna sé sinnt, þar sem þau hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig. Ekki má gleyma hreyfingu þeirra sem sinna börnunum. Í hreyfingu læra börnin að stjórna líkama sínum og því hvernig þau geta notað hann. Auk þess stuðlar öll hreyfing barna og fullorðinna að andlegri og líkamlegri vellíðan. Ung börn eru mjög móttækileg fyrir því að læra um heilbrigðan lífsstíl sem er grunnur að góðu og heilbrigðu lífni seinna á lífsleiðinni. Fullorðna fólk leggur inn grunninn að þessum lífsstíl hjá börnunum. Þar sem við höfum heilsusamlegan lífsstíl að leiðarljósi leggjum við mikla áherslu á hollt mataræði þar sem börnin fá fjölbreyttan og hollan mat með áherslu á aukna neyslu grænmeti og ávaxta.

Ekki er hægt að horfa eingöngu á líðan barna í leikskólanum heldur þarf að vinna með starfsmannahópinn líka. Það skiptir verulegu máli að starfsfólki líði vel því það skilar sér í starfið hvað varðar áhuga og metnað sem veitir meiri gleði til barna og foreldra. Það var ákveðið að fá Bjart Guðmundsson fyrirlesara sem kenndi okkur að horfa inn á

við. Hann kenndi okkur einnig að við getum verið besta útgáfan af okkur sjálfum ef við viljum.

Leiðarljós Holtakots í allri vinnu er jákvæðni, öryggi og virðing. Jákvæðni stendur fyrir að vera reiðubúin/n að leggja sitt að mörkum með gleði og brosi á vör, bregðast jákvætt við allri hegðun og sjá það besta í öllum. Öryggi stendur fyrir þá tilfinningu að umhverfi okkar veiti okkur öryggi og vellíðan bæði andlega og líkamlega. Virðing stendur fyrir þá grundvallarskoðun að einstaklingar eru ólíkir og bera á virðingu fyrir hverjum og einum og skoðunum þeirra (Skólanámskrá Holtakots, 2014).

Umbótaáætlun

Þegar á að fara í umbótaáætlun þarf að byggja þær á niðurstöðum sem koma úr hverjum flokki fyrir sig. Greina þarf þau gögn sem hafa verið lögð fyrir þegar verkefninu lýkur og bera þau saman. Skoða hvað það var sem var vel gert og hvað má gera betur og greina það sem ekki gekk eins vel og setja fastar skorður hvað þarf að gera til að lagfæra svo betur má fara næst.

4. Niðurstöður

Sundkennsla

Börnin fengu fylgd í fataklefa til að byrja með og þurftu aðstoð við að skipuleggja sig í fataklefanum. Fyrstu skiptin þurfti að ítreka vel við þau um að halda áfram og minna þau á eigin sínar. Þegar komið var fram á veturinn voru þau orðin sjálfstæðari og röskari en þegar gerð var könnun í byrjun maí 2019 þá voru þau öll farin að hugsa um öll sín fót sjálf og voru mjög rösk í klefanum bæði þegar þau fóru ofan í og uppúr.

Rætt var við íþróttakennara og hann spurður hvort einhver munur væri á þeim börnum sem hefðu fengið sundkennsluna og sagði hann að mikill munur væri á þeim börnum sem fengu þessa umhverfisþjálfun. Þau væru mun fljótari að klæða sig bæði uppúr og ofan í laugina sem og þau eru mun duglegri í vatninu.

Umbótaáætlun

Halda vel utan um það sem búið er að ná og gæta þess að missa það ekki niður. Nýr skólahópur verður næsta vetur og mun þessi þjálfun verða áfram hjá þeim hópi.

1 hluti 13. grein í Barnasáttmála sameinuðuþjóðanna

Á tveimur deildum skólans eru elstu börnin sem eru í skólahóp. Skólahópurinn á báðum deildum fengu öll þau verkfæri sem þurfti til að geta smurt sér sitt brauð sjálf og fengu að setja þann mat á disk sem þau töldu að þau gætu borðað. Í fyrstu áttu þau erfitt með að átta sig á magni og til að byrja með þá fór töluvert af mat í ruslið. Eftir sem leið á þá áttuðu þau sig á hvað þau vildu og minna og minna fór til spillis. Munur var á deildum en önnur deildin vann meira með þetta verkefni en hin og sást það á þeim mat sem kom til baka af deildum. Á meðan önnur deildin kom alltaf með svipað magn í fötu sem fór í ruslið kom hin með minna og minna sem endaði í því að fatan var að öllu jöfnu tóm.

Umbótaáætlun

Höfða betur til deildarinnar sem gekk ekki eins vel að rækta hæfileika barnanna til að takast á við það viðfangsefni að minnka matarsóun án þess að það bitni á því að þau njóti sín á eigin forsendum.


Líðan starfsfólks á vinnustaðnum, gönguverkefni

Allir sem tóku þátt í verkefninu fengu gönguskó. Markmiðið var að hver og einn færi út 2x í viku í ca 30 mínútur að ganga. Markmiðið var heilsuefling. Flestir starfsmenn tóku þátt í verkefninu. Metið var hvort það var bæting á mætingu milli ára. Það kom skýrt fram að bætingin var 35.6% á milli ára sem verður að teljast mjög gott. Inn í þetta tvinnast bæði gönguferðirnar sem starfsmenn fóru sem og hvatningin fyrir auka frídaga en hvatningin fyrir frídagana var keyrð annað árið í röð. Gera má þá ráð fyrir að gönguverkefnið hefði heppnast vel á móti hvataverðlaununum.

Alls voru gengnir 332 klukkustundir sem reiknast því sem meðaltal 83 klukkustundir að meðaltali á mánuði. Desember mánuður var valfrjálss en ofan á hann kom veikindahrina sem og margir frídagar. Ef við tökum frá desember mánuð þar sem hann var valfrjálss þá eru þetta 87 klukkustundir að meðaltali á mánuði sem voru gengnir af 15 starfsmönnum.

Umbótaáætlun

Gert er ráð fyrir að þetta gönguverkefni haldi áfram næsta vetur. Leitast verður eftir að hver starfsmaður fái fastan dag til göngu sem veitir meiri festu og meiri hvata til að nýta sér þann tíma sem hann var búinn að festa sig á. Gæta þarf þess samt að hafa svigrúm til breytinga eftir því sem hentar hverri deild.



Næstu matsþættir

1. Xx
2. Xx
3. xx

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla (2012) sótt af: <https://www.gardabaer.is/leit?q=menntastefna>

Mannauðsstefna Garðabæjar, e.d. sótt af: <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/stefnur/>

Skólanámskrá Holtakots (2014) sótt af: <http://www.holtakot.is/Skolastarfid/Skolanamskra>